Nd. **217. Nefndarálit**

um frv. til laga um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýming þeirra.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á mörgum fundum og fengið um það álitsgerðir frá sauðfjársjúkdómanefnd og Búnaðarfélagi Íslands. Er nefndin á einu máli um það að mæla með því, að frumvarpið verði samþykkt með nokkrum breytingum, sem hún flytur sameiginlega tillögur um á sérstöku þingskjali. Auk þess áskilja einstakir nefndarmenn sér rétt til að flytja fleiri breytingartillögur og hafa óbundin atkvæði um brtt. annarra þingmanna.

Aðalbreytingartillögur nefndarinnar eru þrjár. Í fyrsta lagi sú, að skipta varnargirðingum í tvennt: **aðalvarnarlínur og aukavarnarlínur.** Sé það gert af landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar. Kostnað við lagningu og viðhald á aðalvarnarlínum greiði ríkissjóður og efni í aukavarnarlínur, en flutning efnis frá hafnarstað, uppsetningu og viðhald þeirra kosti fjárskiptafélög.

Í öðru lagi er bótaákvæðum VI. kafla breytt mjög. Er það ákvæði fellt burt að taka tillit til fjártölu, áður en pestin kom, en að hinu leytinu líka fellt niður, að verð fyrir fullorðið fé fjáreigenda gangi til ríkisins upp í líflambaverð. Næstu 3 árin er lagt til að miða fjárskiptabætur við skattaframtal 1946, en síðan við skattaframtal þrem árum áður en fjárskipti fara fram. Fjárskiptabætur eru ákveðnar hálft lambsverð fyrir hverja bótaskylda kind, en bótaskyldar eru allar framtaldar kindur á því ári, sem miða skal við, en þó því aðeins, að fjáreigandi eða erfingjar hans haldi áfram sauðfjárrækt á fjárskiptasvæðinu.

Þriðja aðalbreytingartillaga nefndarinnar er sú, að fella niður VIII. kafla frv., sem fjallar um kynbætur með erlendu fé. Er það í samræmi við ágreining Jóns Pálmasonar í milliþinganefndinni, sem samdi frumvarpið. Tveir nefndarmenn (Jón Sigurðsson og Steingrímur Steinþórsson) vilja einnig fella niður VII. kafla frumvarpsins, um innflutning kynbótahrúta til tilrauna með tæknifrjóvgun á sýktum svæðum. Munu þeir flytja brtt. um það, en þó af mismunandi ástæðum, því að StgrSt vill ákveða um þetta o. fl. með sérstökum lögum, en JS banna allan innflutning erlendra sauðfjárkynja, að minnsta kosti fyrst um sinn.

Aðrar brtt. landbúnaðarnefndar en þær, sem þegar eru nefndar, eru að mestu leiðréttingar og skýringar til tryggingar gegn ágreiningi.

Alþingi, 11. des. 1946.

Jón Pálmason, form., frsm. Steingr. Steinþórsson, fundaskr. Jón Sigurðsson.

Sigurður Guðnason. Stefán Jóh. Stefánsson.